



Glæsilegur Jólafundur Félags pípulagninga- meistara á Nauthóli

Hefðin fyrir Jólafundi Félags pípulagningameistara á sér langa sögu og árið í ár, 2025, er þar engin undantekning. Hefðbundinn Jólafundur FP var haldinn á veitingastaðnum Nauthóli laugardaginn 22. nóvember. Eins og ávallt fjölmenntu félagar í FP á Jólafundinn og tóku lífligan þátt í umræðunum.

Að venju hófst hátíðin á félagsfundi sem byrjaði kl. 17:00, þar sem ýmis mál sem brenna á félagsmönnum voru rædd og brotin til mergjar. Jafnframt því fór Böðvar Ingi Guðbjartsson, formaður FP yfir ýmislegt sem bar við í starfi FP á árinu. Að loknum félagsfundinum var húsið opnað og þrúðbúnir gestir streymdu að.

Fer ræða formanns hér á vftir:

Á síðasta jólafundinum var Pípudeild SI kynnt til sögunnar. Pípudeild SI var stofnuð fyrir þá pípura sem eftir eru fyrir innan SI til að gefa þeim vægi þar sem FP er farið út úr SI. Lítið hefur gerst hjá Pípudeild SI

– Sjá framhald á bls. 3



Tengi bauð upp á öflugna Grundföskynningu – Sjá bls. 14, 15 & 16

Vatn & Veitur slógu upp skemmtilegu JólaBjóraFjöri – Bls. 10 & 11

Loft & Raftæki – Nær rykfrí kjarnaborun með Maxima – Sjá bls. 18

IDAN Fræðslusetur með fjölbreytt námskeið á nýju ári – Bls. 20, 21 & 22

Danfoss flytur höfuðstöðvarnar – Sjá bls. 23

**8 ÁR
Í RÖÐ**



ÍSLENSKA
ÁNÆGJUÖGIN

& **BYKO**

BYKO er efst í könnun á ánægju viðskiptavina byggingavöruverslana



MÜPRO
EINFALT
FESTINGAKERFI
Ryðfríar brautir og rörafestingar

Sjáðu
nánar á
loft.is

Röraklemmur Brautarkjálkar Brautarfestingar Brautir 2-6 m.

LOFT&RAFTÆKI | **Vatnsorka** | Hjallabrekka 1 - Dalbrekkumegin | S: 564 3000




**Hágæða
vinnuföt**
í miklu úrvali
Sérmerkjum fyrir fyrirtæki

Snickers
WORKWEAR

DUNDERDON

Miklu úrval af öryggisvörum
LIVEX JALAN OTELO
TIGI GUARDI HANSEN

Nú fást **Snickers** vinnuföt í **BYKO** **HILTI**
Verkfæri og festingar

HAGI ehf Skólaústa 37 • 110 Reykjavík • S. 414-0700 • hagi@hagi.is • Hagi ehf HILTI



Glæsilegur Jólafundur Félags pípulagninga-meistara á Nauthóli...

Framhald greinar af forsiðu...

núna í haust.

Ég fékk póst frá Þorgils þar sem hann boðar pípurum innan SI til fundar um HMS og Veitur. Við óskum Þorgils góðs gengis með pípudeildina.

Fánaborg Iðnaðarmannafélagið í R.vík var haldinn 8. febrúar á hóteli Natura. FP tók þátt, þar sem sveinar voru heiðraðir sem hafa skarað fram úr í sveinsprófi.

Íslandsmót Iðn- og verkgreina var haldið 13. - 15. mars þar sem FP sá um keppni í pípulögnum. Íslandsmeistari í pípulögnum árið 2025 er Þorgeir Sær Gíslason og meistari Þorgeirs er Kári Samúelsson og er þetta þriðji Íslandsmeistarinn sem Kári skilar frá sér – vel gert Kári. Í umræddri keppni tókust á Tækniskólinn og Borgarholtsskólinn og keppandinn sem vann keppnina var frá Tækniskólanum.

Bara svo því sé nú haldið til haga að þá er þetta fimmti Íslandsmeistarinn í pípulögnum sem undirritaður þjálfaði fyrir keppni í pípulögnum.

Aðalfundur og árshátíð FP var á Hótel Selfoss 22. mars og gekk það allt vel og með miklum sóma. Á aðalfundi viku úr stjórn Sigurður Reynir Helgason og Kári Samúelsson.

Kári Samúelsson var búinn að vera gjaldkeri FP í nokkur ár og við tók Rúnar Helgason sem er í stjórn FP sem gjaldkeri FP. Einnig



Trausti Guðjónsson var einróma kjörinn fundarstjóri.



Böðvar Ingi Guðbjartsson, formaður Félags pípulagningameistara.

kom nýr inn í stjórn Þórður Gísli Guðfinnsson og Elías Fannar Stefniðsson sem vara-
maður í stjórn. Eins og komið hefur fram en þá er skipun stjórnar eftirfarandi:

Böðvar Ingi Guðbjartsson – formaður

Árni varaformaður

Rúnar – gjaldkeri, Ámundi – ritari, Gísli – stjórnarmaður

Elías Fannar – varamaður í stjórn

Í vor tók FP þátt í afhendingu sveinsbréfa og veitti verðlaun fyrir hæstu einkunn í sveinsprófi.

Fyrir sumarfrí stjórnar FP hafði stjórn samband við Hilmar Gunnarsson lögfræðing frá Mörkin lögmannsstofu og hefur hann tekið að sér það verkefni fyrir FP að stefna

Íslenska ríkinu fyrir dóm fyrir ólöglegar leyfisveitingar.

Hilmar mun fara nánar yfir þau mál hér á eftir.

Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík hafði samband við undirritaðann þar sem óskað var eftir að undirritaður flytti fyrirlestur um aðkomu FP varðandi verðmætabjörgun inni í Grindavík. Fyrirlesturinn var fyrir fagfélög á Norðurlöndunum og vakti fyrirlesturinn mikla lukku sem varð til þess að undirritaður var aftur með fyrirlestur á aðalfundi Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík fyrir fullu húsi. Stjórnin kom saman að loknu sumarfrí í haust. Mál málanna var að stefna ríkinu og var það gert núna í haust. Stjórn FP átti góðan fund með Veitum sem verður fjallað nánar um á eftir.

Félagsmaður, búsettur í Fjallabyggð, hafði samband við FP til að benda á að smíðafyrirtæki sem tæki að sér verkefni

– Sjá framhald greinar á bls. 4 og 5



DÆLUR Í FREMSTA GÆDAFLOKKI



GRUNDFOS

TENGI GÆÐI • ÞJÓNUSTA • ÁBYRGÐ • ÞAD ER TENGI
www.tengi.is

© 2024 Grundfos A/S. All rights reserved. | 414 1000 | 414 1001 | 414 1002 | 414 1003 | 414 1004 | 414 1005 | 414 1006 | 414 1007 | 414 1008 | 414 1009 | 414 1010 | 414 1011 | 414 1012 | 414 1013 | 414 1014 | 414 1015 | 414 1016 | 414 1017 | 414 1018 | 414 1019 | 414 1020



Glæsilegur Jólafundur Félags pípulagninga- meistara á Nauthóli...

– Framhald greinar af bls. 3.

fyrir Fjallabyggð væri einnig að fara í störf pípulagna án þess að meistari væri í forsvari fyrir þau verkefni. FP sendi erindi til bæjarstjórnar Fjallabyggðar sem þakkaði fyrir ábendinguna. FP mun síðan fylgja þessu máli eftir.

Sýslumannsembætti utan af landi hafa sett sig í samband við FP varðandi það að gefa álit samkvæmt lögum um handiðnað. Það að sýslumaður leiti til FP eftir álit er klárlega merki þess að FP hefur verið sýnilegt í fjölmiðlum þar sem meðal annars hefur verið bent á hlutverk sýslumanns við að meta réttmæti gagna með aðkomu landssambandi meistarafélags.

Þann 11. október fórum við í FP í vísindaferð til Vestmannaeyja þar sem við komum við hjá pípulagningafyrirtækinu Miðstöðin. Félagsmaðurinn Marinó, sem býr í Vestmannaeyjum ætlaði að taka á móti okkur en þurfti frá að hverfa vegna aðgerðar en sonur hans Bjarni Ólafur tók á móti okkur. Við skoðuðm fyrirtækið Laxey sem er risa fiskeldi á landi. Fengum síðan leiðsögn um

– Sjá niðurlag greinarinnar á bls. 6.





 **PENTAIR**
JUNG PUMPEN

set
www.set.is

TRAUSTAR BRUNNDÆLUR FYRIR HEIMILI OG IÐNAÐ



U3KS



MultiDrain



MultiFree

Set | Rör | Dælur | Tengistykki

Við tökum vel á móti þér að Klettagöðum 21
Sími: 480 2700 | Netfang: sala@set.is



Glæsilegur Jólafundur Félags pípulagningameistara á Nauthóli...

– Niðurlag grein ar af bls. 4 & 5.

Eyjuna með viðkomu í Eldheimum og fórum síðan út að borða á veitingastaðnum Einsa kalda. Herjólfur var síðan tekinn til baka og vorum við komnir í bæinn um kl.22 eftir vel heppnaða ferð. Reglulega bætast inn í FP nýir félagsmenn og þar af eru nokkrir sem búa úti á landi. Stjórn FP ætlar að skoða möguleikana á öðru húsnæði fyrir skrifstofu FP ásamt því að skoða möguleikana í stöðunni að FP kaupi sér húsnæði. Stjórn er að skoða þessi mál. Stjórn FP heldur áfram að vera með auglýsingar í útvarpi „Er píparinn þinn löggiltur – Félag pípulagningameistara”

Bókin um sögu FP í 100 ár er í fullum gangi og verður nánar fjallað um að það hér á eftir. Árið 2028 verður FP 100 ára og er stjórn FP að huga að því að finna viðburðarstjóra til að taka að sér það verkefni að skipuleggja veglega afmælishátíð.

Stjórn FP tók ákvörðun með að biða með allt erlent samstarf á meðan við erum að stefna ríkinu þar sem það hefur töluverðan kostnað og tíma í för með sér.

Að lokum vil ég nota þetta tækifæri og þakka öllum stjórnar- og nefndarmönnum frábært samstarf á árinu sem er að líða.

Ágætu félagsmenn, félag okkar er traust og gott félag. Góður og öflugur málsvari fyrir sína félagsmenn. Við sem störfum í ykkar umboði stöndum vörð um félagið og munum gera okkar besta til að félagið megi lifa og dafna um ókomna framtíð.

Höldum einkunnarorðum okkar á lofti sem eru: Samstaða – Hagsmunir – Sýnileiki.

Fundarstjóri, ég hef þá lokið formlegri skýrslu stjórnar, ég þakka áheyrnina, takk fyrir.

Böðvar Ingi Guðbjartsson
formaður Félags pípulagningameistara




Á myndinni til vinsri, þessir með hljóðfærin og brosandí andlitin, eru þeir kumpánar Ívar og Þorsteinn, sem héldu uppi þónokkru stuði frameftir kvöldi.



Félagar FP heimsóttu Miðstöðina í Vestmannaeyjum

Þann 11. október fóru félagar í FP í daglanga vísindaferð til Vestmannaeyja. Við heimsóttum pípulagningafyrirtækið Miðstöðina, þar sem FP-maðurinn og Vestmannaeyingurinn Marínó ætlaði að taka á móti okkur en var forfallaður vegna veikinda. Sonur hans, Bjarni Ólafur tók á móti okkur. Við skoðuðum fyrirtækið Laxeý sem er landeldi og verður risavaxið fullbyggt árið 2030. Erfitt að mynda í Laxeý; mátti ekki nota flass. Skoðuðum líka risavaxnar Sjóvarmadælur sem eru að taka við af hinni stórmerku hraunhitaveitu sem hefur dugað frá gosi; og dælustöð sem vinnur vatn úr sjó. Fengum líka góða leiðsögn um Eyjuna með viðkomu í Eldheimum, stórmerkilegt lifandi safn um gosið. Að endingu var svo borðað á Einsa kalda. Frábærir hamborgarar með tilheyrandi. Herjólfur loks tekinn upp á land. Ferðinni lauk svo á Stórhöfðanum, upphafsstaðnum; vorum komnir þangað um kl. 22. Sannarlega vel heppnuð ferð.






Hítblásarar með sterkt element úr stáli sem þolir hitaveituvatn.

BYKO

SABIANA Ítalíön Hítublássarar, 7-45 kW.
Vett. 27500713-25

Ertu að fara í gólfhitann?

Þá eru flooré gólfhitaplötunar lausnin fyrir þig

- Sænsk gæðahönnun.**
Engin fræsing og ekkert flöt. Plötunar eru límdar beint á gólfplötinn.
- Jöfn og góð hitadreifing.**
Álklæðning tryggir jafna varmaleiðni.
- Plötunar fást í þykktunum**
13, 17 og 25 mm fyrir 12 og 16 mm rör.

- 1 Gólfefni
- 2 Flooré Gólfplötur
- 3 Gólfmötur





Hringás

Innanhússlagnir og svo margt fleira

567-1330

Skemmuvegur 6,
blá gata - 200 Kópavogi

hringas@hringas.is

Hringas.is

Greinargerð frá lögfræðingi FP

Í nóvember í fyrra birtist grein í fjölmiðlum eftir formann þessa félags þar sem formaðurinnspurðihvers vegna Sjálfstæðisflokkurinn væri að gjaldfella iðnám. Ástæðan fyrir greininni var sú að erlendir iðnmeistarar frá Austur-Evrópu voru komnir inn á lista hjá Húsnaðis- og mannvirkjastofnun (HMS) sem löggiltir iðnmeistarar. Greininni lauk á orðunum: „Guð blessi Ísland“. Ég las þessa grein og hélt að formaðurinn væri á villigötum og þetta væri stormur í vatnsglasi. Horft væri framhjá því að víðtækar skyldur hvíla á Íslandi samkvæmt EES samningnum og okkur bæri því að viðurkenna starfsréttindi frá þjóðum sem eru aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Við gætum því ekki útlokað aðra meistara hér á landi bara af því að þeir væru útlenskir og með útlenska menntun.

Formaðurinn leitaði síðan til mín með þetta mál og ég benti honum á þessa staðreynd. Hann fór hins vegar yfir málið og sendi mér gögn málsins. Gögn málsins staðfestu augljósa mismunun. Einstaklingur frá Póllandi fékk meistarabréf frá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu þrátt fyrir að hafa ekki lokið formlegri menntun á sviði pípulagna. Réttindi hans frá Póllandi voru talin einfaldlega lögð til grundvallar hér á landi og talin sambærileg íslenskum meistararéttindum. Lög um handiðnað, sem almennt eru nefnd iðnaðarlögin, ganga út frá þeirri forsendu að eingöngu þeir sem hafa hlotið tiltekna menntun, þekkingu og reynslu geta starfað við iðngreinar og veitt þeim forstöðu. Markmiðið er að tryggja og viðhalda ákveðnum gæðakröfum í iðngreinum þannig að iðnmeistarar geti staðið undir þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra í lögum. Skilyrðin fyrir útgáfu meistarabréfs hér á landi eru skýr. Það er fortakslaut skilyrði að einstaklingur hafi lokið meistaraprófi frá meistaraskóla. Námið flokkast sem viðbótarnám við framhaldsskóla og námið er í boði „í framhaldi af skilgreindum námslokum á framhaldsskólastigi.“ Námið er staðfest af menntamálaráðherra og er metið í einingum. Löng hefð er fyrir meistaraskólanum hér á landi. Álitafnið er því þetta. Hvernig geta meistararéttindi frá Póllandi verið metin jafngild og réttið hér á landi þegar það liggur fyrir að það er ekkert formlegt nám í Póllandi. Eingöngu próf sem aðilar þurfa að standast. Svárið við spurningunni er einfalt. Stofnun, sem heitir ENIC/NARIC, og lýsir sér sem skrifstofu sem sinnir akademísku mati á erlendu námi fyrir stofnanir, háskóla, ráðuneyti og aðra, hefur það hlutverk samkvæmt lögum að leggja mat á nám og hvort nám erlendis sé jafngilt námi hér á landi. Enic/Naric skrifstofan mat námið í Póllandi sem jafngilt náminu hér á landi þrátt fyrir að það sé óumdeilt að ekki sé þar um formlegt nám að ræða.



Hilmar Gunnarsson,
lögfræðingur
hjá Mörkin
Lögmannsstofu.

Hilmar
flutti þessa
greinargerð á
Jólafundi Félags
pípulagningameistara
22. nóvember s.l.

ENIC/NARIC horfði því framhjá meistaraskólanum hér á landi og náminu sem þar er kennt. Skrifstofan, sem sinnir akademísku mati, komst þannig að þeirri niðurstöðu að námið á Íslandi og í Póllandi væri jafngilt þrátt fyrir að það væri ekkert formlegt nám í Póllandi. Niðurstaðan þýðir að það er engin þörf fyrir meistaraskólann hér á landi. Eftir að hafa farið yfir málið þá var niðurstaða mín að Félag pípulagningameistara hefði þrjá kosti í stöðunni. Í fyrsta lagi að halda áfram með kærnu sem samtök iðnaðarins sendu til atvinnuvegaráðuneytisins þann 20. nóvember 2024. Ég vakti athygli á því að niðurstaða ráðuneytisins hefði enga þýðingu fyrir einstaklinginn sem fékk meistararéttindin án þess að hafa lokið formlegu námi. Ástæðan er sú að samtök iðnaðarins ákváðu að kæra ákvörðun ENIC -NARIC en ekki ákvörðun sýslumannsins að gefa út meistarabréfið. Ráðuneytið hafði því engar forsendur til þess að afturkalla meistararéttindin. Í öðru lagi gæti félagið barist fyrir því að kröfurnar yrðu samræmdar og að réttarstaðan væri sú sama hér á landi og í Póllandi. Baráttan fælist í því að draga úr kröfunum hér á landi þannig að sveinar gætu einfaldlega gengist undir próf til þess að gerast meistarar. Það þyrfti engan skóla til þess að undirbúa sig fyrir prófið. Í þriðja lagi gæti félagið höfðað mál á hendur viðkomandi leyfishafa og sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu til ógildingar á ákvörðun sýslumannsins að gefa út meistararéttindi honum til handa.



Hágæða vinnuföt fyrir alla

mikið úrval

Sérmerkjum fyrir fyrirtæki

Barna og unglingaföt
2-14 ára, stærðir 98-164

Mikið úrval af öryggisvörum

uvex

ac

MILLER

TUE GUARD

SOLID GEAR

Honeywell

Bultafors

KSE-LIGHTS

HILTI

Verkfæri og festingar

Opíð: 8-18 virka daga – 10-12 laugardaga
(1 júní – ágúst er lokað á laugardögum)

Snicker vinnuföt fást einnig í **BYKO**

HAGI ehf • Stórhöfða 37 • 110 Reykjavík • S. 414 3700 • hagi@hagi.is • hagi.is • Hagí ehf HILTI

Heildarlausnir

Í UTANHÚSSLÖGNUM

Við seljum ykkur lagnaefni fyrir kalt vatn, fráveitur og hitaveitu.
Ídráttarrör og ídráttarbarka af öllum stærðum.
Gerum tilboð og afhendum á verkstað.

„Þjónusta og gæði sem þú getur treyst“



Hafðu samband

og fáðu ráðgjöf sem hentar þínu verki

ÍSRRÖR

Utanhússlagnir og svo margt fleira

565-1489

Hríngrella 12 - 221 Hafnarfirði

Isror@isror.is

www.isror.is

Opnunartími
Mánud - fimmtudag | 08:00 - 17:00
Föstudagur | 08:00 - 15:00

8 · FRÉTTAÞÍP

Stjórn félagsins ákvað að höfða dómsmál til ógildingar á ákvörðun sýslumannsins að gefa út meistarabréf til handa einstaklingi sem ekki hafði lokið formlegri menntun. Málið var þingfest fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur þann 30. október sl. Ríkið skilar greinargerð í janúar.

Ég get sent ykkur stefnuna ef þið hafið áhuga og þið getið líka haft samband við félagið sem er með afrit af stefnunni og gögnum málsins.

Óhjákvæmilega vakna upp tvær spurningar.

Í fyrsta lagi: Hvers vegna er Félag pípulagningameistara að höfða mál á hendur öðrum pípulagningameistara til ógildingar á réttindum hans. Á félagið að skipta sér að svona málum. Á félagið ekki bara að treysta stjórnvöldum í þessu málu.

Í öðru lagi: Er ekki öruggt að Félag pípulagningameistara muni vinna dómsmálið, í ljósi þess að viðkomandi einstaklingur uppfyllir ekki skilyrði laga fyrir útgáfu meistarabréfs.

Það er kannski ekki mitt hlutverk að svara fyrstu spurningunni en ég vek hins vegar athygli á þremur atriðum.

Í fyrsta lagi að tilgangur þessa félags er, samkvæmt 2. gr. laga félagsins, að stuðla að menningu og menntun stéttarinnar.

Það stuðlar ekki að menntun stéttarinnar að gefa út meistararéttindi til þeirra sem hafa ekki lokið formlegu námi. Það er því engin ástæða fyrir félagið að sitja hjá í þessu máli.

Í öðru lagi þá verður að hafa í huga að þið haldið á verðmætum réttindum, forréttindum, sem eru meistarabréfið ykkar.

Þetta meistarabréf veitir ykkur víðtæk og eftirsóknarverð réttindi Meistarabréfið veitir ykkur einkarétt til þess að starfa á sviði pípulagna. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. iðnaðarlaganna þá er óheimilt að reka starfsemi á sviði pípulagna í atvinnuskyni nema undir forstöðu meistara. Það varðar einstaklingum sektum ef þeir reka starfsemi á sviði pípulagna án þess að hafa meistara til forstöðu.

Þessum réttindum fylgir augljóslega ábyrgð. Ábyrgð á að öll vinna sé rétt og vel af hendi leyst. Ef kröfurnar eru lækkaðar – þá mun það hafa áhrif á réttindin. Hættan er þá sú að það verði ekki lengur talin þörf fyrir þessum forréttindum.

Í þriðja lagi þá nýtur þetta mál mikils stuðnings. Það liggur fyrir yfirlýsing frá Samtökum iðnaðarins, Iðnmennt, Tækniskólanum og félagi Iðn og Tæknigreina, þar sem því er lýst yfir að námið í Póllandi sé ekki sambærilegt við íslenskt iðnmeistaránám. Það liggur jafnframt fyrir yfirlýsing frá Félagi framhaldsskóla þar sem því er lýst yfir að það sé alvarlegt að erlendum aðilum sé veitt meistararéttindi án þess að hafa uppfyllt þær faglegu kröfur sem íslenskir iðnaðarmenn þurfi að standast. Í yfirlýsingunni segir að slíkt skapi misræmi í löggjöfinni og veiki traust á iðnnámi hér á landi.

Þessi þrjú atriði staðfesta að það var fullt tilefni fyrir félagið að bregðast við þeirri stöðu sem er uppi. Að félagið sitji ekki hjá og horfi upp á það að innlendum aðilum sé mismunað með þeim hætti að erlendir aðilar fái meistararéttindi í pípulögnum án þess að gangast undir formlegt nám. Vík ég þá að síðari spurningunni. Hvort dómsmálið muni ekki örugglega vinnast. Ágreiningsefni málsins er einfalt. Álitæfnið lýtur að því hvort það fáið staðist einstaklingur fái gefið út meistarabréf án þess að hafa lokið formlegu námi. Hann uppfyllir ekki viðeigandi kröfur. Niðurstaðan ætti því að vera einföld.

Úrlausnin er hins vegar óþarflega flókin.

Í málinu reynir á hin ýmsu lög, reglugerðir, EES samninginn og tilskipanir sem hafa verið löggleiddar í íslenskan rétt.

Til viðbótar við það þá liggur fyrir að sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu gaf út starfsréttindi til handa viðkomandi einstaklingi án fyrirvara. Í málið blandast því líka ákvæði stjórnarskrár um atvinnufrelsið, eignarréttindi og réttmætar væntingar.

Í dómsmálinu reynir því á fjölda mörg atriði.

Forsendurnar eru hins vegar okkar megin. Það sama verður að gilda um alla. Annað hvort viðhöldum við kröfunum hér á landi og höldum fast í þá kröfu að allir verði að útskrifast frá meistaraskóla eða þá við gerum minni kröfur og hættum með meistaraskólann sem löng hefð er fyrir hér á landi. Það er ekki hægt að mismuna ykkur með þessum hætti.

Ég ítreka að þetta dómsmál snýst ekki aðeins um lagagreinar og reglugerðir – það snýst um baráttu fyrir réttindum iðnmeistara. Baráttu fyrir því að þeirri hefð sé viðhaldið að eingöngu þeir sem hafa hlotið tiltekna menntun, þekkingu og reynslu geta starfað við iðngreinar og veitt þeim forstöðu. Tryggja þarf þá hefð sem hefur ríkt hér á landi í áratugi að iðnmeistarar ljúki formlegu námi og að eingöngu þeir sem hafa lokið slíku námi geta fengið meistarabréf.

Að lokum vil ég hrósa formanni félagsins fyrir þessa baráttu. Formaðurinn hefur verið einstaklega duglegur að vekja athygli á þessu máli. Aflað stuðnings frá ýmsum aðilum og bent á fáránleika þess að meistararéttindi séu gefin út án formlegrar menntunar.

Formaður FP hefur þurft að þola óvænga gagnrýni fyrir að halda þessu fram, frá ráðamönnum og öðrum samtökum. Ég vil hrósa honum sérstaklega fyrir þessa vinnu og hvetja hann áfram.

GROHE

Pure Freude am Wasser

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

GROHE & BYKO síðan 1972

Vatn & Veitur með JólaBjóraFjör



JólaBjóraFjör, stingum við upp á að þessi viðburður verði kallaður framvegis. Alveg einstaklega frumlegt og skemmtilegt framtak hjá honum Robba, framkvæmdastjóra hjá Vatni & Veitum, (fagmenn kalla hann alltaf Robba). Ekkert einkennilegt að Robbi fyrirhugar að gera þetta jafnvel árlega eftir þessa velheppnuðu tilraun. Robbi fékk semsé fjögur brugghús, sem öll eiga það sameiginlegt að vera með tvær tegundir jólabjóra, eða jafnvel fleiri, sem þau bjóða fyrir jólin, til að koma á svæðið og bjóða upp á fyrirframsmakk, nokkurskonar frumsýningu bjóranna. Vatn & Veitur buðu að sjálfsögðu fagmönnum í pípulögnum að mæta í gleðskapinn og fá að smakka framleiðsluna, langt á undan öðrum landsmönnum. Og ekki bara það; Silli Kokkur parkeraði hamborgaratrúkknum sínum fyrir utan og allir fengu frábæra Hammara með Jólabjórinum, bæði nauta og hreindýra hammara, allt eftir því hvað hver vildi, ásamt tilheyrandi meðlæti. Skemst er frá því að segja að þessi viðburður sló hressilega í gegn hjá mannskapnum og verður væntanlega endurtekinn að ári. Bravó Robbi og Vatn og Veitur.





BOSCH

BLÁR BOSCH FÆST
I FAGVERSLUN
BYKO SELHELLU

BYKO LEIGA

www.byko.is/leiga

Niðurföll

SIJÁ NÁNAR
Á LOFT.IS

Fyrir utan
bílskúrinn,
bílaplanið og
skemmunu

Nicoll

Fyrir allar aðstæður

LOFT & RAFTÆKI

Hjallabrekku 1 | Dalbrekkumegin | 200 Kópavogi | S: 5643000 | www.loft.is

ÖRUGG FAGMENNSKA OG MEISTARALÖGGILDING Í PÍPU



HS pípulagnir ehf.
Smiðjuvegur 4 - 200 Kópavogi
GSM 894 0088
hspip@simnet.is



Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir

Miðengi 8 – 800 Selfossi
GSM 660 1580 & 660 1581
lagniroglausnir@gmail.com



PÍPULAGNIR OG GAS

Allar almennar gas- og pípulagnir
Einstaklingar – Húsfélög – Fyrirtæki
☎ 616 9611 ✉ eviljar@eviljar.is 🌐 www.eviljar.is



GÓ pípulagnir ehf.
Breiðdagerði 8
108 Reykjavík
GSM 695 0170
ottar@piparar.is



PÍPULAGNIR

Fossagnir ehf.

„Getum við aðstoðað“

Sæbólsbraut 31 - 200 Kópavogi
GSM 894 1576 – fossagnir@hotmail.com



pípulagnabjónusta
skipabjónusta

Pípulagnir ehf

Ósabakki 13 - 109 Reykjavík - GSM 898 1870
Netfang stefanbr@simnet.is

Viðhaldslagnir ehf.

Svavar Örn Halldórsson
PÍPULAGNINGAMEISTARI
GSM 698 2247
vidhaldslagnir@gmail.com



S.O.S.
lagnir ehf.

Bíldshöfða 18
110 Reykjavík
sos@soslagnir.is
GSM 693 9000



Lagnalist ehf.

Skógarási 6 - 110 Reykjavík
GSM 898 0517
lagnalist@gmail.com



Króm og Hvítt ehf. - Álaleyru 7 - 780 Höfn
Sími 478 2099 - GSM. 861 0291
kromoghvitt@simnet.is

HITAVIRKNI EHF.

PÍPULAGNINGABJÓNUSTA

hitavirkni@hitavirkni.is
690 6192



Húsagnir ehf.
Pípulagningabjónusta
Gylfaflöt 20 -
112 Reykjavík
GSM 893 3632
husalagnir@simnet.is

Tröllalagnir ehf.

Jón Auðunn Sigurjónsson
pípulagningameistari
Auðnukór 3 – 203 Kópavogur
GSM: 896 9418 - jon.sig@mi.is

GGLAGNIR ehf.
PÍPULAGNINGABJÓNUSTA
stofnað 1988

Fosshálsi 27-29 - 110 Reykjavík - Sími 517 8870
www.gglagnir.is - gglagnir@gglagnir.is



ADALLAGNIR

pípulagningabjónusta

Sími 519 5757

ADALLAGNIR ehf.
Smiðjuvegur 58 - 200 Kópavogi
adallagnir@adallagnir.is

Lagnabraeður ehf.

Blikaási 5 – 221 Hafnarfirði

GSM 663 7200

einar@lagnabraedur.is



Lagnabraeður ehf



ÁRÓS

PÍPULAGNIR



STOFNLAGNIR
PÍPULAGNINGABJÓNUSTA

Stofnlagner ehf.

Vefarstræti 42 - 270 Mosfellsbæ
GSM 660 0499 - wc@islandia.is

Lagnabjónusta
Suðurnesja ehf.

Pípulagningaverktaki

Hólmeigsbraut 17 – 230 Reykjanesbær
GSM 896 6691 – runar@lagna.is



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10 - 800 Selfossi - psud@psud.is
GSM 699 1985 & 823 6656

vatnsidnadir.net

– Gagnagrunnur

– Pekking

– Saga



vatnsidnadir@vatnsidnadir.net

RÖRTÖNGIN

Löggiltur pípulagningameistari

Akraseli 3

109 Reykjavík

rortongin@gmail.com

GSM 846 1184

RENNSLI ehf.

pípulagnir • sími 696 8054

Akralind 1 - 201 Kópavogur
GSM: 696 8054 - rennsli@rennsli.is

JOHNNY PÍPARI

Mávanesi 13 - 210 Garðabæ

GSM 896 2874 - johnny210gbr@hotmail.com



Landslagner
pípulagnir



Lagnaleikni
Ránargata 30 - 600 Akureyri
GSM 888 3969
amundi@lagnaleikni.is



JJ Pípulagnir ehf.
Nýbýlavegi 8
200 Kópavogi
GSM 772 3535
jjpipulagnir.is
jjpipulagnir@gmail.com



GSO PÍPULAGNIR
Dalaland 6 - 108 Reykjavík
GSM 763 2227 - gso@gso.is - gso.is



S.Á.LAGNIR ehf
Súluhöfða 41 - 270 Mosfellsbæ
GSM 892 3287
salagnirehf@gmail.com



Flugumýri 30 - Mosfellsbæ
GSM: 771 7100
sigurdur@kraftlagnir.is
KRAFTLAGNIR ehf.
pipulagningaverktakar



JBH PÍPULAGNIR
Drekavellir 30 - 221 Hafnarfirði
GSM: 696 9675 - jbhpipulagnir@jbhpipulagnir.is



B. Markan ehf. Pípulagnir
660 6690
Kvísartungu 42 - 270 Mosfellsbæ - lagnir@bmarkan.is



GG Lagnir
Grundagötu 56 - 350 Grundarfirði
GSM 894 2774 - gxg@simnet.is



Bæjarflöt 19D - 112 Reykjavík
GSM 897 4746
& GSM 896 2908
landslagnir@landslagnir.is



MIDSTÖÐIN
Strandvegi 30 - 900 Vestmannaeyjar - midstodin@midstodin.is
Sími 481 1475



JBÓ Pípulagnir
Fuglavík 41 - 260 Reykjanesbæ
GSM 852 6060 - jonbragi@jbo.is



MegaPíp Megastál
Pípulagnir - Gaslagnir - Jarnsmiði
MegaPíp ehf.
Turnahvarfi 4 - 203 Kópavogi
GSM 694 3307 - megagas@simnet.is



Múltíverk ehf.
Lagarbraut 4
700 Egilsstöðum
GSM 845 5868
multiverk@multiverk.is



H2O LAGNIR
Laxatungu 187 - 270 Mosfellsbæ
GSM 662 3235 - h2o@h2olagnir.is




GK ÞJÓNUSTA
Kári Hilmarsson vélvirkja- & pípulagningameistari
Nestúni 5 - 340 Stykkishólmi
GSM 869 3164 - gkthjonusta@gmail.com



AH PÍPULAGNIR
AH pípulagnir ehf.
- Suðurhrauni 12c - 210 Garðabæ
- Sími 555 7012
- GSM. 822 4600
andres@pipulagnir.is



MS LAGNIR
Stakkhömrum 17 - 112 Reykjavík
GSM 867 5359 - mslagnir@mslagnir.is



Pípulagnir Elvars & Kristinssonar ehf.
Jöklafold 2 - 112 Reykjavík
GSM 892 9421 - ellipip@simnet.is



lagnaafil
Hjörleifur Björnsson, löggiltur pípulagningameistari
Almannakór 6 - 203 Kópavogi
GSM 856 5525 - hjolli@lagnaafil.is



META Meta ehf.
Grimseyri 6 - 750 Fáskrúðsfirði
GSM 895 2709 - oli@metaehf.is



Meistaralagnir ehf
Pípulagnir S: 893 9110
Bæjarflöt 8A - 112 Reykjavík
meistaralagnir@gmail.com



MJÖG LAGNIR
Mjög lagnir ehf.
Kópavogsbraut 62
200 Kópavogi
GSM 661 3338
& 853 0273
mjoglagnir@gmail.com



AGS Pípulagnir
PÍPULAGNINGAMEISTARI
Sölkugötu 2 - 270 Mosfellsbæ
GSM 834 8080
ags.pipulagnir@gmail.com



Bubbi Pípari ehf.
Lyngbergi 23 - 221 Hafnarfirði
GSM 897 7946
bubbipipari@simnet.is



V.S. Pípulagnir
V.S. pípulagnir ehf.
Fannafold 168
112 Reykjavík
GSM 821 1045
vignir76@gmail.com



PE PÍPULAGNIR FRAVEITULAGNIR.IS
pepipulagnir@gmail.com
Marargrund 14
210 Garðabæ
GSM 869 3441





Tengi með öfluga Grundfoskynningu



Tengi efndi til enn einnar stórsýningarinnar á dælubúnaði frá Grundfos. Að þessu sinni í glæsilegum húskynnum Sjálands í Garðabæ. Að venju sendi Grundfos fjölmarga sérfræðinga, hvern á sínu sviði í hinum fjölbreytta dælubúnaði sem í boði er hjá Grundfos. Óhætt er að segja að með hverri sýningunni sem Tengir heldur, frá því að fyrirtækið tók við sem umboðsaðili Grundfos á Íslandi, þá stækkar sýningin og úrvalið eykst; að sama skapi fjölga jafnt og þétt í hópi fagaðila sem eru áhugasamir um þær nýjungar sem Grundfos er þekkt fyrir að kynna á sýningum sínum. Að ofan til vinstri er Arnar Árnason, framkvæmdastjóri Tengis að bjóða gesti velkomna. Til hliðar er svignandi borð með kræsingum. Myndin hér til hægri sýnir Þóri Sigurgeirsson, stjórnarformann Tengis, að fagna einum gestanna með bros á vör.





– Sjá framhald á bls. 16

Er vatnið óhreint?

Hjá S. Hermann ehf. bjóðum við upp á mikið úrval af síum, síu-
húsum og UV ljósum til að halda
vatninu hreinu og fersku.

- Síur: Hreinsa óhreinindi úr vatninu og bæta bragð af neysluvatni.
- UV ljós: Drepa bakteríur.

– Leitið aðstoðar og fáid ráðgjöf!
– Söluaðilar okkar eru um allt land!

SHERMANN ehf.

Sími 568 9421 - www.shermann.is - shermann@shermann.is

10 ÁRA GÓÐ REYNsla Á ÍSLANDI!

Lífkrænt
hreinsivirki!

— NÚTÍMA ROTPRÓ —

- Fyrir sumarhús, heilsárshús, hótél o.fl.
- Yfir 90% hreinsun – hreinsigeta PIA vottuð
- 3ja þrepa hreinsun - ekkert rafmagn
- Engar siturlagnir – fyrirferðarlítill
- 10 ára reynsla á Íslandi
- Þýsk gæði – CE merkt
- Stærðir 2-600 persónueiningar
- Tankar fyrir háa vatnsstöðu



HVAMMShÓLAR

SIGURDUR VIGGÓ HALDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI



+354 660 4085



SIGGI@HVAMMShOLAR.IS

ALLT TIL GATNAGERÐAR



Garðbekkir

Spindil-
hús



Niðurföll

Brunn-
lok



Hita-
veitu-
lok

Allar nánari upplýsingar
og pantanir á vörum
Járnsteypunnar, símar:
420 0300 & 660 0150

JÁRNSTEYPAN ehf.

Íðavellir 7b -
230 Reykjanesbæ



Tengi með öfluga Grundfoskynningu

– Framhald af bls. 15



VATNSVIRKINN

LÍFRÆN SKOLP HREINSISTÖÐ

- Stöðin kemur samsett og tilbúin til uppsetningar
- Hátt hreinsunarstig
- Lyktarlaus
- Einföld uppsetning
- Ekki þörf á siturlögnum
- Möguleiki á fjartengingu við upplýsingakerfi



vatnsvirkinn@vatnsvirkinn.is - Sími 510 1400 - www.vatnsvirkinn.is

Þar sem tvær lagnir koma saman
þar ætti að vera brunnur

Byggingaþingjafarðir krefjast þess að brunnur sé settur til að tryggja gætt og hreint
Drögg og hreinsunargættir tilgjafi að hreini og góðri loftslagslegri umhverfi
og loftslagslegri.
Sæplast framleiðir brunnir af hreinsunargættum til þess að tryggja gætt og hreint
Drögg og hreinsunargættir tilgjafi að hreini og góðri loftslagslegri umhverfi
og loftslagslegri.
Sæplast framleiðir brunnir af hreinsunargættum til þess að tryggja gætt og hreint
Drögg og hreinsunargættir tilgjafi að hreini og góðri loftslagslegri umhverfi
og loftslagslegri.



sæplast
FALLET AF THE GROUP

SÆPLAST - Gætt og hreint loftslagslegri umhverfi
SÆPLAST - Gætt og hreint loftslagslegri umhverfi
SÆPLAST - Gætt og hreint loftslagslegri umhverfi
SÆPLAST - Gætt og hreint loftslagslegri umhverfi

NEA SMART 2.0 – Snjallari hitastýr- ing frá REHAU fyrir þægilegra heimili

Hvernig væri að koma alltaf heim í fullkomið hitastig, án þess að þurfa að spá í stillingum? Með nýju kynslóðinni af gólfhitastýringum frá REHAU, NEA SMART 2.0, er framtíðin mætt í stofuna til þín. Kerfið sameinar glæsilega hönnun og snjalla tækni sem lærir á þínar þarfir og sparar orku í leiðinni.

Hér eru helstu kostirnir við að velja NEA SMART 2.0 fyrir heimilið:

Lærir á fjölskylduna og tryggir þægindi

NEA SMART 2.0 er meira en bara hitastillir; kerfið „lærir“ hvernig þú notar hitann og hvernig húsnæðið bregst við. Það aðlagar sig sjálfkrafa að þínum venjum til að tryggja að hitastigið sé alltaf eins og þú vilt hafa það.

Allt að 20% orkusparnaður

Með snjöllum aðgerðum getur kerfið hjálpað þér að lækka hitakostnað um allt að 20%. Kerfið býður upp á tækni eins og „Geofencing“ (staðsetningarstýringu) sem veit þegar enginn er heima og lækkar þá hitann, auk þess að skynja ef gluggar eru opinir.

Stílhrein hönnun sem tekur sig vel út

Stjórnstöðvarnar eru fánlegar í tveimur litum, klassískum hvítum eða stílhreinum svörtum lit, sem fellur vel að nútímalegum heimilum. Skjárin er



með nútímalegri LED-tækni og einnig er hægt að fá upplýstan ramma fyrir óbeina lýsingu.

Fullkomin stjórn í símanum eða með röddinni

Þú stjórnar kerfinu á einfaldan hátt, hvort sem það er á sjálfum hitastillinum, í gegnum app í símanum (hvar sem þú ert í heiminum) eða með raddstýringu í gegnum Amazon Alexa.

Hentar jafnt fyrir nýbyggingar og endurbætur

Ertu að gera upp? Ekkert mál. NEA SMART 2.0 er fánlegt sem þráðlaust kerfi, sem þýðir að ekki þarf að brjóta upp vegg eða leggja nýjar raflagnir. Kerfið hentar fyrir allt frá litlum íbúðum upp í stórar byggingar með allt að 60 herbergjum.

Snjöll tenging og fjarþjónusta

Kerfið er hannað til að tala við önnur snjallkerfi og styður KNX staðalinn. Auk þess býður kerfið upp á möguleika á fjarviðhaldi, sem sparar tíma og fyrirhöfn ef upp koma vandamál, þar sem tæknimenn geta oft greint og lagað mál án þess að koma á staðinn.

Allar frekari upplýsingar um NEA SMART frá REHAU hjá BYKO Lagnaverslun, www.byko.is.



Ertu að gera upp eldra húsnæði? Ekkert mál.

Þráðlaus lausn: NEA SMART 2.0 er fánlegt sem þráðlaust kerfi, sem þýðir að þú þarft ekki að brjóta upp vegg eða leggja nýjar raflagnir.

Sveigjanleiki: Miðstöðin ræður bæði við þráðlausa og víraða tækni, svo hægt er að blanda saman kerfum eftir þörfum.

Allar stærðir: Hentar jafnt fyrir litla íbúð og stórar byggingar með allt að 60 herbergjum.



Gólfhitastýringar þurfa ekki að vera leiðinleg hvít box. NEA SMART 2.0 kemur í glæsilegri hönnun sem fellur fullkomlega að nútímalegum heimilum. **Tveir litir:** Fánlegur í klassískum hvítum eða stílhreinum svörtum lit. **Skjár:** Nútímalegur LED-fylkisskjár (matrix display) sem er skýr og fallegur.

Lýsing: Hægt er að fá upplýstan ramma sem gefur óbeina lýsingu og setur svip á herbergið.



NEA SMART 2.0 er ekki bara hitastillir:

Kerfið „lærir“ hvernig þú notar hitann og hvernig húsnæðið bregst við.

Snjall sparnaður: Með aðgerðum eins og „Geofencing“ (staðsetningarstýringu) veit kerfið þegar enginn er heima og lækkar hitann. **Gluggavakt:** Kerfið skynjar ef gluggi er opin og bregst við til að koma í veg fyrir orkusóun. **Allt að 20% lægri kostnaður:** Þessar aðgerðir geta lækkað hitakostnað umtalsvert.

Einföld stjórnun – Hvar sem er

App-stýring: Stjórnaðu hitanum í gegnum snjallsíma eða spjaldtölvu.

Raddstýring: Kerfið virkar með Amazon Alexa, svo þú getur einfaldlega beðið um hærri hita.

Fjarþjónusta: Ef eitthvað kemur upp á er hægt að framkvæma fjarviðhald og greiningu, sem sparar tíma og heimsóknir iðnaðarmanna.

MAXIMA
ONLY FOR REAL PROFESSIONALS



Loft- og raftæki bjóða þurrborun með Maxima

Kjarnaborun, þurrborun, með Maxima kjarnaborvélinni frá Loft & Raftækjum; ný nálgun og nýir möguleikar í kjarborun í steinsteypu.

Þurrborun er víðeigandi nafngift, þar sem nánast engin rykmyndun er við borunina. Þar er að verki einstök tækni Maxima.

CAROMAX 1800 er öflug kjarnaborvél (sjá mynd neðst til vinstri) kemur í hentugri tösku. Helstu tækniupplýsingar:

Afl og spennan 1800W - 230V.

Hámark bora er 202 mm. Togkraftur

er 19 Nm og slagkraftur

er 33000 hogg/min at 0,1

Joule. Hrað: 1650 Rpm

Frekari upplýsingar eru

www.loft.is



Burður – nýr vettvangur mannvirkjarannsóka og prófana

Burður, nýr samstarfsvettvangur um mannvirkjarannsóknir og prófanir, hefur nú verið hleypt af stokkunum.

Það var gert undir öruggri stjórn þeirra Ingu Sæland, félags- og húsnæðismálaráðherra og Loga Einarssonar, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra í húsnæði HMS í Borgartúni. Hlutverk Burðar er að efla og samræma rannsóknir og prófanir í húsnæðis- og mannvirkjagerð á Íslandi. Að vettvanginum koma stjórnvöld, menntastofnanir og atvinnulíf.

„Almenningur hefur kallað eftir öflugri byggingarannsóknunum og prófunum hér á landi og stofnun Burðar er svarið við því. Markmiðið er skýrt: Að Burður leiði til betri bygginga. Bygginga sem eru vandaðar, rannsakaðar og prófaðar – og þar sem þekking ræður för en ekki tilviljun. Rakaskemmdir verða teknar föstum tökum og strax í byrjun næsta árs munum við taka í notkun faggildan gluggaprófunarbúnað. Það þýðir að hægt verður að prófa og votta byggingarvörur sem framleiddar eru hér á landi og styðja þannig við innlenda framleiðendur,“ sagði Inga Sæland, félags- og húsnæðismálaráðherra, meðal annars í ræðu sinni við þetta tækifæri.

Logi Einarson, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra, sagði meðal annars í sinni ræðu: „Það er mjög ánægjulegt að rannsóknahverfið í mannvirkjagerð sé komið á dagskrá en það hefur vantað stefnu í þessum málaflokki. Þetta er einn mikilvægasti málaflokkur í nútíma samfélagi; hvernig við byggjum húsakynni og umhverfi og nátengt því hvernig samfélag við viljum byggja. Burður byggir á þverfaglegri samvinnu milli rannsókna og nýsköpunar og þar er von mín að samnýting á styrkleikum allra aðila, - rannsakenda, búnaðar, gagnaöflunar, fjármögnunar og miðlunar muni auka slagkraft og samféllu frá rannsóknum til innleiðingar og skila öruggari, hagkvæmari og sjálfbærari mannvirkjum.“

KLÆDDU ÞIG VEL!

PEYSUR

JAKKAR

ÚLPUR

BUXUR

SKÓR

VATNSVIRKINN VINNUFÖT

WORKWEAR.IS

WORKWEAR.IS



Set tók þátt í Iðnaðarsýningunni sem haldin var í Laugardalshöll dag-ana 9. til 11. október síðast liðinn. Sýningin var vel sótt og velheppnaður bús fyrirtækisins vakti mikla athygli meðal gesta og gangandi og einnig viðskiptavina, bæði núverandi og nýrra viðskiptavina, samstarfsaðila og áhugasamra úr iðnaðargeiranum. Á sýningunni kynnti Set vörur og lausnir sem tengjast lagnakerfum og tæknilegum útfærslum fyrir fjölbreyttar atvinnugreinar.

Gestir fengu tækifæri til að skoða sýnishorn, ræða verkefni og kynnast nýjungum í fjölbreyttri starfsemi fyrirtækisins. Set færir öllum þakki sem komu við á bús fyrirtækisins á sýningunni. Það er forráðamönnum fyrirtækisins mikilvægt að eiga gott samtal við fagfólk og aðra viðskiptavini og tilhlökkun til áframhaldandi samstarfs. Hér á síðunni má sjá nokkrar myndir sem fanga vel stemninguna á sýningunni.



HMS endurvekur útgáfu RB-blaða mánaðarins

HMS hefur hafið endurútgáfu af svonefndum Rb-blöðum, sem eru tækni- og leiðbeiningablöð um mannvirkjagerð.

Viðfangsefni Rb-blaða hafa verið fjölbreytt í gegnum tíðina en í tilefni endurútgáfu blaðanna birtir HMS eldri blöð mánaðarlega. Nýjustu Rb-blöð mánaðarins fjalla m.a. um vindálag á byggingar, snjóhengjuvarnir miðað við ýmsar gerðir þaka, snjóbræðslu og uppsetningu þesskonar búnaðar, tæringu málma og sitthvað varðandi almenna tæringu, svo fátt eitt sé upptalið.

Einfalt er að fara inná heimasíðu HMS og verða sér úti um eintak af RB-blöðunum: www.hms.is



Komdu í stærstu vefverslun landsins

fyrir vatnsveitu og pípulagnir

Smiðjuvegi 68-72
200 Kópavogi
Sími 575 9300

vatnogveitur.is
vatnogveitur@vatnogveitur.is

2026 – Spennandi og áhugaverð námskeið hjá Iðunni fræðslusetri á nýju ári



SketchUp alla leið

Frá fyrstu skissu til sýndarveruleika – náðu tökum á SketchUp frá upphafi til enda



Fyrir hverja: Námskeiðið hentar iðnaðarmönnum, tæknimönnum og hönnuðum sem vilja ná valdi á notkun SketchUp Pro í þrívíðri teikningu, verkeikningum og kynningarefni, hvort sem það er fyrir framleiðslu, hönnun eða sýndarveruleika.

Markmið: Að þátttakendur öðlist heildstæða færni í notkun SketchUp Pro og Layout, frá einföldum teikningum til líflegra kynninga í 3D og VR. Á námskeiðinu verður fjallað um: Grunnatriði í þrívíðri teikningu í SketchUp. Málsetningu og uppsetningu verkeikninga. Vinnubúðir með leiðbeinanda eða eigin verkefni. Notkun Layout og kynningarefnis í 3D og VR. Twinmotion og sýndarveruleiki. Sjálfstæða vinnu og skapandi lausnir.

Að loknu námskeiði á nemandi að: Geta hannað í SketchUp frá grunni. Kunna að útbúa verkeikningar með Layout. Geta gert kynningarefni með 3D og VR eiginleikum. Kunna að nýta SketchUp í daglegum störfum með fagmennsku.

Aðrar upplýsingar: Þátttakendur fá aðgang að SketchUp Pro á meðan á kennslu stendur og forritið er uppsett í kennslutölvum. Ekki er nauðsynleg forþekking á notkun forritsins en grunnfærni í tölvuvinnu er æskileg.

Staðsetning: Tölvustofa í Rafmennt, Stórhöfða 27, 110 Reykjavík.

19. janúar 2026 kl: 13:00 - 17:00

22. janúar 2026 kl: 13:00 - 17:00

26. janúar 2026 kl: 13:00 - 17:00

29. janúar 2026 kl: 13:00 - 17:00

5. febrúar 2026 kl: 13:00 - 17:00

9. febrúar 2026 kl: 13:00 - 17:00

12. febrúar 2026 kl: 13:00 - 17:00

16. febrúar 2026 kl: 13:00 - 17:00

Fyrirkomulag kennslu: Staðnám. Námsmat: Verkefnavinna.

Tengiliður: Guðrún Hjaltalín Guðjónsdóttir - gudrun@idan.is.

Kennari: Björn Jóhannsson, BA Hons, Dipl LA, MSc.

Raki og myngla í húsum 1

Þetta námskeið er það fyrsta af þremur þar sem fjallað er um raka í húsnæði og myglusveppi sem iðulega fylgja viðvarandi raka í byggingarefnum

Fyrir hverja: Þetta námskeið er fyrir byggingarmenn sem þurfa að fást við raka og myglu í húsum.

Markmið: Markmið þess er að þátttakendur afli sér þekkingar á þessu sviði til að fást við vandamál sem stafa af völdum raka og myglu. Á námskeiðinu verður fjallað um: Raka í húsnæði og myglusveppi sem iðulega fylgja viðvarandi raka í byggingarefnum. Helstu galla á byggingarfræðilegum lausnum. Helstu mistök við byggingu húsa sem orsaka leka- og rakavandamál í húsum og hvernig megi koma í veg fyrir þau. Loftun og útreikninga á rakastreymi gegnum byggingarhluta. Byggingarraka

og greiningu rakaskemmda. Lífsskilyrði myglusveppa, hvar þeir þrífast, hvernig má finna þá og uppræta.

Að loknu námskeiði á nemandi að: Þekkja helstu orsakir leka í húsum og hvað veldur þeim. Þekkja afleiðingar raka í húsnæði í formi myglusveppa. Geta greint helstu gerðir myglu í húsum. Þekkja loftun byggingarhluta.

Annað: Þetta námskeið er þar fyrsta af þremur um raka og myglu í húsum.

Staðsetning: Iðan fræðslusetur, Vatnagarðar 20, 104 Reykjavík.

15. janúar 2026 kl: 13:00 - 19:00.

Fyrirkomulag kennslu: Staðnám með möguleika á fjarnámi.

Námsmat: Mæting og verkefnavinna.

Tengiliður: Guðrún Hjaltalín Guðjónsdóttir - gudrun@idan.is.

Kennarar: Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir, Líffræðingur og Kristinn Alexandersson, Byggingateknifræðingur.

Gervigreind við byggingaframkvæmdir

Stutt námskeið um notkun gervigreindar í byggingariðnaði

Fyrir hverja: Námskeiðið er fyrir starfsfólk í bygginga- og mannvirkjagreinum sem hefur áhuga á að kynna sér hvernig gervigreind er notuð og hvernig má nýta hana við störf í byggingariðnaði.

Markmið: Markmið námskeiðsins er að fræða þátttakendur um möguleika á notkun gervigreindar við bygginga- og mannvirkjagerð.

Á námskeiðinu verður fjallað um: Gervigreind og þá möguleikum sem hún býður uppá. Ábyrga og skilvirka notkun gervigreindar. Notendaviðmót ChatGBT. Notkun gervigreindar við framkvæmdir, vinnu iðnaðarmanna og stjórnun byggingaverkefna. Áætlanagerð og rýni hönnunargagna með ChatGBT. Úrlausnir á raunverulegum verkefnum úr byggingariðnaði. Styrkleika og takmarkanir ChatGBT.

Að loknu námskeiði á nemandi að: Þekkja möguleika á notkun gervigreindar í störfum í byggingariðnaði. Gera sér grein fyrir ábyrgri notkun þjónustunnar. Þekkja notendaviðmót ChatGBT. Geta nýtt sér gervigreind við úrlausn verkefna á einfaldan máta. Þekkja styrkleika og takmarkanir ChatGBT.

Annað: Leiðbeinandi er Hjörtur Sigurðsson verkfræðingur hjá Mynstra. Hann hefur um árabíl unnið að því að innleiða stafræna tækni í byggingariðnaðinn, með áherslu á BIM, gervigreind og stafræn vinnubrögð.

Staðsetning: Iðan fræðslusetur, Vatnagarðar 20, 104 Reykjavík.

5. febrúar 2026 kl: 09:00 - 12:00

Fyrirkomulag kennslu: Staðnám.

Tengiliður: Guðrún Hjaltalín Guðjónsdóttir - gudrun@idan.is.

Kennari: Hjörtur Sigurðsson, Verkfræðingur.

Vatnsúðakerfi – Sprinkler

Námskeið sem er ætlað pípulagningamönnum með full réttindi sem ætla sér að annast þjónustu og eftirlit með vatnsúðakerfum.

Fyrir hverja: Þetta námskeið er ætlað pípulagningamönnum með full réttindi sem ætla sér að annast þjónustu og eftirlit með vatnsúðakerfum.

Markmið: Tilgangur námskeiðsins er að fræða þátttakendur um gerð og virkni vatnsúðakerfa og hlutverk og ábyrgði þjónustu og eftirlitsaðila.

Á námskeiðinu er fjallað um: Hönnun vatnsúðakerfa. Staðla, lög og reglugerðir sem eru í gildi. Lagnaefni sem notað er í vatnsúðakerfi. Virkni vatnsúðakerfa og hún sýnd í sprinkler kennslukerfi IÐUNNAR sem er uppsett í Vatnagörðum.

Að loknu námskeiði á nemandi að: Þekkja grundvallaratriði varðandi hönnun vatnsúðakerfa. Kunna skil á helstu ákvæðum laga og reglugerða um vatnsúðakerfi. Þekkja gerð og notkun lagnaefnis. Vita hvernig vatnsúðakerfi virka. Geta prófað virkni vatnsúðakerfa.

Annað: Námskeiðinu lýkur með prófi. Námskeiðið er haldið í samvinnu við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun sem gefur út leyfi til þeirra sem ljúka prófi með fullnægjandi árangri. Öllum er frjálst þátttaka á námskeiðinu en einungis löggiltir pípulagningameistarar öðlast réttindi til að hafa eftirlit með kerfunum.

Staðsetning: IDAN fræðslusetur, Vatnagarðar 20, 104 Reykjavík
20. febrúar 2026 kl: 13:00 - 19:00
21. febrúar 2026 kl: 09:00 - 16:00


Fyrirkomulag kennslu: Staðnám. Námsmat: Próf.

Tengiliður: Guðrún Hjaltalín Guðjónsdóttir - gudrun@idan.is.

Kennarar: Guðmundur Gunnarsson, byggingaverkfræðingur og Egill Ásgrímsson, Pípulagningameistari

Autodesk Revit Architecture grunnnámskeið „Essentials“

Grunnnámskeið í Revit – frá fyrstu grunnmynd til fullbúinnar hönnunar í því



Fyrir hverja: Fyrir hönnuði, iðnaðarmenn, tæknimenn og aðra sem vilja hefja notkun á Revit eða bæta við sig nýrri hönnunarhæfni. Sérstaklega hentugt fyrir notendur Inventor eða AutoCAD sem vilja færa sig yfir í Revit-umhverfið.

Markmið: Að þátttakendur öðlist grunnfærni í Revit Architecture og geti nýtt hugbúnaðinn til að hanna minni byggingar, búa til grunnmyndir og koma teikningum faglega frá sér.

Á námskeiðinu verður fjallað um: Notkun Revit viðmóts. Gerð grunnmynda og að bæta inn í model. Málsetningar og íhlutasöfn (families). Fullbúin þrívíddarhönnun og kynning á verkfærum kennara. Ráðleggingar og „tips & tricks“ úr reynslu kennara.

Að loknu námskeiði á nemandi að: Geta hannað minni hús í Revit. Geta útbúið grunnmyndir og verklýsingar. Skila faglegum teikningum. Kunna að nýta Revit hugbúnað í daglegri hönnunarvinnu.

Aðrar upplýsingar: Boðið er upp á fjarnám samhliða staðnámi. Námsgögn og búnaður eru á staðnum. Engin forþekking í Revit er nauðsynleg, en hún getur verið kostur.



IDAN fræðslusetur er viðurkenndur kennsluaðili (ATC) fyrir Autodesk hugbúnaðinn.

Staðsetning: Tölvustofa í Rafmennt, Stórhöfða 27, 110 Reykjavík.
24. janúar 2026 kl: 09:00 - 17:00

31. janúar 2026 kl: 09:00 - 17:00

1. febrúar 2026 kl: 09:00 - 17:00

Fyrirkomulag kennslu: Staðnám með möguleika á fjarnámi.

Námsmat: Verkefnavinna.

Tengiliður: Guðrún Hjaltalín Guðjónsdóttir - gudrun@idan.is.

Kennari: Áslaug Elísa Guðmundsdóttir, Byggingafræðingur.

Lífsferilsgreiningar bygginga

Námskeið um lífsferilsgreiningar; skylt að leggja fram með umsóknnum byggingarleyfa í umfangsflokkum 2 og 3
Fyrir hverja: Fyrir fólk í bygginga- og mannvirkjagreinum.

Markmið: Kynna þátttakendur fyrir lífsferilsgreiningum bygginga og hugmyndafræði þeirra og gerð.

Innihald: Skoðað hvernig lífsferilgreiningar tengjast sjálfbærni- og hringrásarhagkerfinu; hvernig teknar eru heildstæðar ákvarðanir um efnisval og því lágmarka kolefnisspor og skadleg áhrif á umhverfið. Fjallað um umhverfissvottanir; hvernig þær hafa aukið kröfur á hönnun bygginga.

Farið verður yfir: Grunnatriði sjálfbærni í byggingariðnaði. Hvað er LCA? Hringrásarhagkerfið.

Umhverfissvottanir: BREEAM og Svanurinn. EPD umhverfisfyrirlysingar. LCA verkefni sem unnið verður í OneClick LCA.

Að loknu námskeiði á nemandi að: Þekkja aðferðafræði hringrásargreininga. Þekkja grundvallaratriði hringrásarhagkerfisins og umhverfissvottana. Vera fær um að gera lífsferilsgreiningar. Skila lífsferilsgreiningum til byggingaryfirvalda.

Annað: Námskeiðið er verklegt að hluta og æskilegt er að þátttakendur séu með fartölvu eða fá lánaða á stað. Nánari upplýsingar senda þátttakendum. Hafið er innleiðingar tímabil lífsferilsgreininga bygginga á Íslandi og hægt að hefja skil á lífsferilsgreiningum í skilagátt HMS. Krafa um gerð lífsferilsgreininga bygginga tók gildi 1. September 2025, (sjá síðu HMS fyrir lífsferilsgreiningar). Mælt er með að þátttakendur skoði efnið á síðunni fyrir námskeiðið en fjallað verður sérstaklega um það hvernig eigi að gera lífsferilgreiningar á Ísland.

Námskeiðið er í tveimur hlutum í sinni hvorri vikunni. Fyrri hlutinn að aðallega bóklegur og sá seinni verklegur. Mikilvægt er að mæta báðum dagana.

Staðsetning: IDAN fræðslusetur, Vatnagarðar 20, 104 Reykjavík.

15. janúar 2026 kl: 13:00 - 17:00 og 20. janúar 2026 kl: 10:00 - 12:00.

Fyrirkomulag kennslu: Staðnám.

Tengiliður: Guðrún Hjaltalín Guðjónsdóttir - gudrun@idan.is.

Kennarar: Helga María Adolfsdóttir, Byggingafræðingur og Lilja Sigurrós Davíðsdóttir, Byggingaverkfræðingur M.Sc.

– Sjá framhald á bls. 22

Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf. Borgartún 31 Sími: 562 2991 www.bygg.is

2026 – Spennandi og áhugaverð námskeið hjá Iðunni fræðslusetri á nýju ári



Raki og mygla í húsum 2

Þetta námskeið er annað af þremur um raka og myglu í húsum

Fyrir hverja: Þetta námskeið er fyrir fólk í byggingariðnaði sem þarf að fást við raka og myglu í húsum.

Markmið: Markmið námskeiðsins er að kynna helstu aðferðir við hreinsun á raka- og myglusvæðum.

Á námskeiðinu verður fjallað um: Aðferðir til að meta myglu, mæla raka í byggingarefnum og fara yfir túlkun niðurstaða. Niðurstöður rannsókna vegna efnanotkunar og annarra aðferða við hreinsun á myglu. Enduruppbyggingu og verkferla við hreinsun á afmörkuðum rýmum og bent á atriði til umhugsunar við notkun byggingarefna.

Að loknu námskeiði á nemandi að: Þekkja helstu aðferðir til að komast að því hvort finna megja myglu í húsnæði. Geta lesið úr niðurstöðum mælinga og rannsókna. Þekkja helstu aðferðir við hreinsun á myglu.

Annað: Æskilegt er að þátttakendur hafi setið fyrra námskeiðið Raki og mygla í húsum 1 en er þó ekki skilyrði.

Staðsetning: Iðan fræðslusetur, Vatnagarðar 20, 104 Reykjavík.
5. febrúar 2026 kl: 13:00 - 19:00

Fyrirkomulag kennslu: Staðnám með möguleika á fjarnámi.

Námsmat: Mæting og verkefnavinna.

Tengiliður: Guðrún Hjaltalín Guðjónsdóttir - gudrun@idan.is.

Kennarar: Sylja Dögg Sigurjónsdóttir, Líffræðingar og Benjamín Ingi Böðvarsson, Byggingateknifræðingur.

Rakamælingar í byggingum

Námskeið um rakamælingar fyrir fagfólk í byggingariðnaði sem vill rétt rakastig í byggingum/byggingarefnum

Fyrir hverja: Þetta námskeið er fyrir fagfólk í byggingariðnaði sem vill gæta að réttu rakastigi í byggingum og byggingarefnum.

Markmið: Er að fræða þátttakendur um notkun rakamæla í byggingum.

Á námskeiðinu verður fjallað um: Raka og æskilegt rakastig í húsum og mismunandi byggingarhlutum og byggingarefnum og hvað telst vera eðlilegur raki í þeim. Rakamælingar, hvernig þær eru framkvæmdar og með hvaða tækjum. Hvernig á að bera sig að við rakamælingar og hvað ber að varast. Mælitækin, virkni þeirra og stillingar eftir mismunandi byggingarefnum o.s.frv.

Að loknu námskeiði á nemandi að: Kunna skil á raka og rakastigi. Þekkja æskilegan raka í byggingum og byggingarefnum. Vita hvernig framkvæma á rakamælingar í húsum.

Aðrar upplýsingar: Á námskeiðinu eru unnin verkefni og framkvæmdar mælingar með mælitækjum frá Protimeter.

Staðsetning: Iðan fræðslusetur, Vatnagarðar 20, 104 Reykjavík.
13. janúar 2026 kl: 13:00 - 16:00. Fyrirkomulag kennslu: Staðnám.

Tengiliður: Guðrún Hjaltalín Guðjónsdóttir - gudrun@idan.is.

Kennarar: Hlynur Júlíusson, fagleiðtogi úttekta og endurbóta hjá Verkvisit – húsasmíðameistari og Gústaf Adolf Hermansson, bygginga- og byggingaeðlisfræðingur.

Brunaþéttingar

Námskeið er fyrir þá sem koma að byggingarframkvæmdum og þurfa að þetta milli brunahólfa. Það er haldið skv. ákv. reglugerðar 1067/2011 um þjónustuaðila brunavarna

Fyrir hverja: Fyrir alla sem þurfa að þetta milli brunahólfa.

Markmið: Markmið þess er að þátttakendur kunni skil á reglum um brunaþéttingar og efnunum sem notuð eru til þeirra.

Á námskeiðinu verður fjallað um: Brunahólfun bygginga. Kröfur til brunaþéttinga. Brunapol efna sem notuð eru til þéttinga milli brunahólfa. Frágang brunaþéttinga. Reglur um starfsleyfi.

Að loknu námskeiði á nemandi að: Þekkja reglur um brunaþéttingar í byggingum. Þekkja brunapol byggingarefna og þéttiefna. Kunna að þetta milli brunahólfa. **Annað:** Námskeiðið er haldið skv. ákvæðum reglugerðar 1067/2011 um þjónustuaðila brunavarna. Það er haldið í samvinnu við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS). Í lok námskeiðs er stutt skriflegt próf. Þeir sem ná einkunninni 7 á prófinu geta sótt um starfsleyfi til HMS til að annast brunaþéttingar.

Staðsetning: Iðan fræðslusetur, Vatnagarðar 20, 104 Reykjavík.
18. febrúar 2026 kl: 13:00 - 17:00

Fyrirkomulag kennslu: Staðnám.

Tengiliður: Guðrún Hjaltalín Guðjónsdóttir - gudrun@idan.is.

Kennari: Guðmundur Gunnarsson, Byggingaverkfræðingur.

Raki og mygla í húsum 3

Þriðja námskeiðið um raka og myglu í húsum og afleiðingar

Fyrir hverja: Þetta námskeið er fyrir aðila sem koma að nýbyggingum eða viðhaldi mannvirkja og hafa lokið námskeiðum Raki og mygla I og II.

Markmið: Markmiðið námskeiðsins er að þátttakendur afli sér þekkingar til þess að fyrirbyggja eða lágmarka áhættu á rakaskemmdum við hönnun og framkvæmd bygginga.

Á námskeiðinu verður fjallað um: Rakaöryggi við hönnun bygginga og framkvæmdir bið byggingu þeirra. Hvað ber að varast og hvað gefist hefur vel við byggingaframkvæmdir. Deilihönnun bygginga, rakaflæði í byggingarhlutum, efnisval og vinnubrögð.

Að loknu námskeiði á nemandi að: Þekkja helstu orsakir þess að raki safnast upp í byggingum. Þekkja rakaflæði í byggingarhlutum. Þekkja aðferðir til að tryggja rakaöryggi við byggingaframkvæmdir.

Annað: Þetta er þriðja námskeiðið í röð námskeiða um raka og myglu í húsum.

Staðsetning: Iðan fræðslusetur, Vatnagarðar 20, 104 Reykjavík.
26. febrúar 2026 kl: 13:00 - 17:00

Fyrirkomulag kennslu: Staðnám.

Námsmat: Mæting.

Tengiliður: Guðrún Hjaltalín Guðjónsdóttir - gudrun@idan.is.

Kennarar: Sylja Dögg Sigurjónsdóttir, Líffræðingar og Gústaf Adolf Hermannsson, Hermansson, Bygginga- og byggingaeðlisfræðingur

STOÐ OG STYTTA HÚSBYGGJENDA

- Álpallar • Vinnupallar, úti og inni • Kerfispallar
- Hjólapallar, einfaldir og tvöfaldir • Viralyftur
- Tröppur & stigar í úrvali
- Loftastoðir • Net á vinnupalla



STOÐ pallaleiga ehf. – Tunguholts 17 – 110 Reykjavík – Sími 571 0600 – Fax 567 5110 – www.pallaleiga.is – Netf. pallaleiga@pallaleiga.is



Danfoss með nýjar höfuðstöðvar sínar á Höfðabakkanum

Danfoss hf hefur flutt starfsemi sína úr Skútuvogi 6 í Reykjavík í nýinnréttað og nútímalegra húsnæði að Höfðabakka 9b. Fór flutningurinn fram í lok mars á þessu ári. Fyrirtækið hefur haft aðsetur í Skútuvogi síðustu 25 ár og markar flutningurinn tímamót í sögu Danfoss hf á Íslandi.

„Við erum spennt fyrir þessum nýju kafla í starfsemi Danfoss á Íslandi,“ segir Jón Kjartan Kristinsson, framkvæmdastjóri. „Þessi aðstaða veitir okkur tækifæri til að bæta þjónustu okkar enn frekar, skapa betra vinnuumhverfi fyrir starfsfólk og styrkir getu fyrirtækisins til að mæta vaxandi þörfum viðskiptavina.

Danfoss hf. er hluti af alþjóðlegu Danfoss Climate Solutions, sem sérhæfir sig í orkunýtnum lausnum fyrir upphitun, kælingu og iðnaðarferla.

Nýtt heimilisfang: Danfoss hf., Höfðabakki 9b, 110 Reykjavík.

Nýjar höfuðstöðvar



Danfoss hópurinn knái: Aftari röð frá vinstri: Örn Ingi Ásgeirsson, Haukur Tómasson, Sveinn G. Sveinsson og Ólafur Þorgeirsson. Fremri röð frá vinstri: Arnar Halldórsson, Jón Kjartan Kristinsson og Sigríður Helga Ragnarsdóttir.

Öryggisskóli iðnaðarins settur á laggirnar

Öryggisskóli iðnaðarins var settur á laggirnar á dögunum. Skólinn er í jafni eigu Iðunnar fræðsluseturs og Rafmenntar. Meginmarkmið skólans er að stuðla að aukinni öryggismenningu í iðnaði og þar með fækkun slysa. Skólinn mun hvort tveggja bjóða fræðslu og þjálfun og er unnið að því að skólinn hefji starfsemi hið fyrsta.

Megináhersla í upphafi verður lögð á byggingariðnaðinn. Fjöldi vinnuslysa sem tilkynnt er um í byggingariðnaði hefur tvöfaldast frá árinu 2020 og sjö dauðaslys orðið á sl. 5 árum. Þessari þróun er brýnt að snúa við.

Ásdís Gréta Hjálmarsdóttir hefur verið ráðin sem Leiðtogi Öryggisskóla iðnaðarins og hóf hún störf í byrjun febrúar. Ásdís er menntuð sem bifvélavirki og lauk sveinsprófi árið 2007. Hún útskrifaðist með B.Sc. í Orku- og umhverfistæknifræði frá Háskóla Íslands árið 2013. Ásdís hefur viðtæka reynslu af öryggis-, gæða-, þjónustu- og verkefnastjórnun. Ásdís var á námssamningi hjá Ræsi ehf. og hefur m.a. starfað hjá Brimborg og Arctic Adventures. „Það er mikil þörf á að innleiða bætt öryggi og öryggismenningu í atvinnulífinu. Það eru krefjandi verkefni framundan sem verður spennandi að takast á við og vera partur af svona mikilvægu verkefni“ segir Ásdís Gréta Hjálmarsdóttir.

„Í bygginga- og mannvirkjagerð starfa um 16 þúsund manns og hefur starfsfólki í greininni farið fjölgandi. Við erum stolt af því að standa að Öryggisskóla iðnaðarins. Með því er tekið jákvætt skref í þá átt að bæta öryggismenningu og vinnuáðstæður starfsfólks enda tíðni slysa og dauðsfalla í byggingariðnaði óásættanleg. Ásdís Gréta, leiðtogi skólans, er með reynslu sem nýtist vel í þessu mikilvæga verkefni, bæði úr iðnaði en einnig af öryggis- og verkefnastjórnun“ segir Vilborg Helga Harðardóttir, framkvæmdastjóri Iðunnar fræðsluseturs. „Við erum afar ánægð með að Öryggisskóli iðnaðarins skuli nú hafa verið stofnaður. Við væntum mikils af góðu samstarfi jafnt við atvinnulífið og opinbera aðila, enda mikil þörf á



að snúa bókum saman til að fækka vinnuslysum og útrýma dauðaslysum í byggingariðnaði. Við bjóðum Ásdísi Grétu hjartanlega velkomna til starfa og hlökkum til að vinna með henni“ segir Þór Pálsson framkvæmdastjóri Rafmenntar. Nánari upplýsingar um Öryggisskóla iðnaðarins veitir Ásdís Gréta Hjálmarsdóttir, leiðtogi skólans, asdis@oryggisskolinn.is.



Allt fyrir pípulagnirnar

Lagnadeild Fagmannaverslunar Húsasmíðjunnar


Hafðu samband við Stefán Jan varðandi ráðgjöf og tilboð.

Stefán Jan
Sölustjóri lagnaverslunar
stefanjan@husais.is Sími: 664 3666





Smíðjuvegi 68 - 72 Kópavogi
Bólafæti 1 Reykjanesbæ



REIKNUM MEÐ FRAMTÍÐINNI

TRYGGÐU ÞÉR 2% LAUNAHÆKKUN
MEÐ SÉREIGNARSPARNADI


Kynntu þér málið á birta.is

Sundagörðum 2 | 104 Reykjavík | 480 7000 | birta.is



FÁLKINN ÍSMAR
IÐNVELAR

DALVEGI 10-14 | 201 KÓPAVOGUR | ÍSÍMI: 510 5100
FÁLKINNISMAR.IS | IÐNVELAR.IS



Tengigrindur af öllum stærðum og gerðum

Við bjóðum tengigrindur sem eru sérstaklega hannaðar fyrir **lokuð hitakerfi** hitabíla með uppblöndun á framrás lokaða kerfisins.

Tengigrindur fyrir **neysluvatn**, ofnhita, **heita potta**, snjóbræðslu, **gólfhita**, einbyli, **fjölbyli** o.fl.



Símenntun í iðnaði

Hugaðu að þinni símenntun og kynntu þér fjölbreytt námskeið sem í boði eru.

NÁMS- OG STARFSRÁÐGLÖF
NÁMSSAMNINGAR OG SVEINSPRÖF
TÖLVUNÁMSKEIÐ
TÖLVAUSTUÐ HÖNNUN
BYGGINGA- OG MANNVIRKJASVIÐ

HÁRSNYRTINÁMSKEIÐ
BÉLGRÉINASVIÐ
MATVÉLA- OG VEITINGASVIÐ
MÁL- OG VÉLTÆKNISVIÐ
PRENTTÆKNISVIÐ



NANARI
UPPLYSINGAR
Á IDAN.IS

IDAN
fræðslusetur
www.idan.is